

**Nd.**

**775. Breytingartillögur**

við frv. til framfærslulaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 55. gr. Fyrir orðið „þá“ í upphafi 2. másl. 1. málsgr. kemur: þó.
2. Við ákvæði til bráðabirgða. 1. töluliður orðist svo:

Hafi sveitarfélag, sem á árinu 1946 greiddi ellilaun og örorkubætur fyrir fram, greitt slíkar bætur fyrir janúar 1947 samkvæmt tilkynningu félagsmálaráðuneytisins til sveitarstjórna, dags. 24. des. 1946, endurgreiðir ríkissjóður helming bótanna eftir sömu reglum og giltu árið 1946.